Fundur stjórnar LS haldinn
16. og 17. júlí 2014

Ályktun um flutning opinberra stofnana

Stjórn Landssambands smábátaeigenda skorar á stjórnvöld að fara ekki offari í yfirlýsingum er varða lífsafkomu starfsfólks sem starfa undir þeirra stjórn.

Á Íslandi eru enn viðkvæmir tímar sem almenningur reynir eftir fremsta megni að vinna úr. Starfsöryggi er öllum mikilvægt. Af því bara rökstuðningur, er ekki réttlætanlegur þegar fólki eru færð váleg tíðindi.

Engu tali tekur hvernig komið hefur verið fram við starfsfólk Fiskistofu á undanförnum vikum.